

M i n n i s b l a ð

Varðar þá spurningu hvort lögskyld iðgjöld til lífeyrissjóða beri að telja skatt.

Í lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er kveðið á um skylduaðild að lífeyrissjóðum, lágmarksiðgjald, endurgreiðslur iðgjalda o.fl. Samkvæmt 2. gr. laganna er öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Í 4. gr. laganna er kveðið á um 10% lágmarksiðgjald. Samkvæmt þessu hefur almenni löggjafinn látið sig skipta lífeyristryggingar borgaranna og ákveðið almenna skylduaðild að lífeyrissjóðum og jafnframt mælt fyrir um lágmarksiðgjöld.

Þegar virt er, hvort fyrrgreind afskipti almenna löggjafans fela í sér skattlagningu vegna þeirrar skyldu til fjárráðstafana, sem lögin mæla fyrir um, er rétt að lita til þess, hvernig hugtakið skattur hefur verið skilgreint.

Hefðbundin skilgreining á skatti er svohljóðandi:

“Skattur er greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera.” (Sjá Jónatan Þórmundsson: Fyrirlestrar í skattarétti, Reykjavík 1982, bls. 2.)

Þess skal getið, að til þess að heimilt sé að innheimta skatt, verður að liggja fyrir gild skattlagningarheimild í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 15. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995. Til að svo sé verður að vera mælt fyrir um skattinn í lögum, sem þýðir, að í settum lögum verða að vera skýr ákvæði um skattskyldu, skattstofn og gjaldstig eða fjárhæð skatts að öðru leyti. Þá er þess að geta, að skattar eru lagðir á í almennu tekjuöflunarskyni hins opinbera.

Enda þótt lögfest sé almenn skylduaðild að lífeyrissjóðum og mælt fyrir um lágmarksiðgjald í því sambandi, er ljóst, að réttarsamband sjóðfélaga og lífeyrissjóðs hvílir fyrst og fremst á einkaréttarlegum samningsatriðum. Sjóðsaðild og fjárframlög vegna sjóðfélaga tryggja þeim réttindi í viðkomandi lífeyrissjóði eftir því sem sjóðsreglur kveða á um.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið og með vísan til framangreindrar skilgreiningar á hugtakinu skattur, má vera ljóst, að því fer fjarri, að unnt sé að telja lögskyld iðgjöld til lífeyrissjóða skatt, eins og venjan hefur verið að skilgreina það hugtak. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram, að greiðslurnar renna ekki til hins opinbera hvorki beint né óbeint á grundvelli ráðstöfunar fjárens til lífeyrissjóðanna af hendi ríkisvaldsins. Þá er hér hvorki til að dreifa almennri tekjuöflun ríkissjóðs né svonefndum mörkuðum tekjustofnum, eins og það hugtak er skilið. Sérstaka áherslu verður að leggja á tengsl sjóðsaðildar og iðgjalda annars vegar og réttinda í viðkomandi lífeyrissjóði hins vegar.

Rétt er að vika sérstaklega að því, hvort lögskyld iðgjöld til lífeyrissjóða geti talist til svonefndra þjónustugjalda.

Þjónustugjald er skilgreint sem greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila verða að greiða hinu opinbera eða öðrum, sem hefur heimild til að taka við henni, fyrir sérgreint endurgjald, sem látið er í té, og er greiðslunni ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið.

Í samræmi við þá grundvallarreglu, að stjórnarsýslan er lögbundin, verða þjónustugjöld ekki innheimt án heimildar í lögum og þá eingöngu til að standa straum af þeim kostnaði, sem lagaheimildin mælir fyrir um. Einföld lagaheimild nægir til töku þjónustugjalds. Slík heimild felur í sér, að gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði, sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu, sem gjaldtökuheimildin nær til.

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu á þjónustugjaldi og eðli slíks gjalds er einsýnt, að lögskyld iðgjöld til

lífeyrissjóða geta ekki talist þjónustugjöld. Sérstaklega má nefna, að hér er ekki um þjónustu að ræða, sem veitt er af hinu opinbera. Ennfremur er ekki til að dreifa þeim nánu og efnislegu tengslum, sem þurfa að vera á milli greiðslu þess aðila, sem þjónustunnar nýtur, og hins sérgreinda endurgjalds, þ.e. þjónustunnar, sem greiðslunni er ætlað að standa undir.

Þess má geta til samanburðar, að almenni löggjafinn hefur ekki aðeins látið sig skipta lífeyristryggingar borgaranna. Nokkur dæmi eru um, að með lögum hafi verið kveðið á um skyldu til váttrygginga. Sem dæmi um slíkt má nefna skyldutryggingu fasteigna gegn eldsvoða. Lagaskylda til að brunatryggja húseignir, sem komst á snemma á þessari öld, stendur enn. Vegna einkaréttar váttryggingafélaga voru húseigendur, að þeim fornspurðum, dregnir í dilka félaganna. Á því hefur orðið breyting frá og með 1. janúar 1995 vegna samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

Reykjavík, 30. apríl 1997.

*Eiríki Knudsen*  
*Sigurður Guðdal*

*Til fjármálaráðherra.*

## Minnisblað

**Röksemdir fyrir því að meina lífeyrissjóðum móttöku viðbótariðgjalda með samningum um lífeyrissparnað, sbr. takmarkanir 8. gr.**

Lífeyrissjóðum er einum ætlað að taka við lágmarksskyldutryggingariðgjaldi, a.m.k. 10% af launum. Hér er um mikla fjármuni að ræða og stóran hluta af árlegum peningalegum sparnaði.

Lífeyrissjóðir hafa jafnframt sérstöðu gagnvart annarri atvinnustarfsemi þar sem aðild að þeim og greiðsla til þeirra á lögum samkvæmt almennt að ákveða á félagslegum en ekki viðskiptalegum grundvelli. Aðild að lífeyrissjóði er ákveðin með sérlögum, í kjarasamningum stéttarféлага og atvinnurekenda eða ráðningarsamningum.

Með öðrum orðum þá er lífeyrissjóðum einum ætlað að móttaka tiltekið skyldu-  
iðgjald að mestu án innbyrðis samkeppni, hvort sem litið er til viðskiptavina eða þeirrar þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Með þessari sérstöðu má því reikna með að þeir hafi samkeppnisyfirburði gagnvart öðrum aðilum verði þeim jafnframt heimilað að stunda fjármála- og tryggingastarfsemi umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Varðveisla og ávöxtun viðbótariðgjalda samkvæmt samningum um lífeyrissparnað er af sama toga og hefðbundin starfsemi banka, líftryggingafélaga og verðbréfafyrirtækja. Þessum aðilum er ætlað að starfa á hreinum viðskipta- og samkeppnisgrundvelli, ekki aðeins á innlendum heldur einnig á alþjóðlegum markaði. Aukin þátttaka þeirra í lífeyrissparnaði landsmanna styrkir þá í hinni alþjóðlegu samkeppni og kemur viðskiptavinum þeirra almennt til góða. Um leið er félagsleg starfsemi lífeyrissjóða skýrt afmörkuð, þ.e. starfsemi sem ekki býr við virka samkeppni.

**Með tilliti til jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða er rétt og skylt að takmarka starfsemi lífeyrissjóða við þá samtryggingarstarfsemi sem kveðið er á um í III. kafla frumvarpsins.**

Ef heimila ætti samtryggingarsjóðum að taka við viðbótariðgjaldi til séreignar væri rökrétt að heimila séreignarsjóðum að taka við lágmarksiðgjaldi til samtryggingar. Þar að auki væri eðlilegt að heimila öllum þeim aðilum sem taldir eru upp í 8. gr. að taka jafnframt við lágmarksiðgjaldi til samtryggingar, t.d. á grundvelli samnings um samtryggingarréttindi skv. III. kafla. Þar með væri hægt að inna tryggingaskylduna af hendi án þátttöku í lífeyrissjóði. Ákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda væri æskilegt að hafa almenn og óháð ákvæðum um starfsemi lífeyrissjóða.

## Innvinnsla réttinda samkvæmt Grunnreglugerð SAL

Samband almennra lífeyrissjóða hefur gefið út Grunnreglugerð SAL um lágmarksréttindi o.fl., en hún byggir á samkomulagi ASÍ og VSÍ frá 12. desember 1995. Allir lífeyrissjóðir í Sambandi almennra lífeyrissjóða eiga að tryggja félögum sínum ekki lakari réttindi en reglugerðin tilgreinir og geti þeir það ekki skal annað hvort loka sjóðnum eða sameina hann öðrum lífeyrissjóði.

Lágmarksréttindin eru ellilífeyrir frá 67 til 70 ára aldri, örorkulífeyrir til 67 ára aldurs, makalífeyrir í að minnsta kosti 5 ár og barnalífeyrir fram að 18 ára aldri barns.

Fjárhæð elli-, örorku- og makalífeyris fer eftir iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en barnalífeyririnn er tilgreindur sem föst fjárhæð á mánuði, 7.500 krónur við fráfall sjóðfélaga og 5.500 krónur ef sjóðfélagi verður algerlega óvinnufær. Þessar fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs 174,2 stig og eru skilyrtar þannig að börnin mega ekki fá barnalífeyri úr öðrum lífeyrissjóði nema sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessa sjóðs.

Fjárhæð ellilífeyris er fundin út frá iðgjöldum þannig að 7/6% (1,1666...%) af hverju iðgjaldi safnast upp sem mánaðarlegur ellilífeyri frá 67 ára aldri og eru réttindin verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Þetta þýðir að 10.000 króna mánaðarlegt iðgjald í eitt ár gefur ellilífeyrisréttindi sem eru 14% af 10.000 krónum eða 1.400 krónur á mánuði frá 67 ára aldri miðað við fast verðlag. Ef iðgjaldið er 20.000 krónur á mánuði í eitt ár verða réttindin tvisvar sinnum hærrí eða 2.800 krónur á mánuði frá ellilífeyrisaldri. Ef töku ellilífeyris er frestað frá 67 ára aldri þá hækkar ellilífeyririnn um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað eða 9,6% á ári. Sjóðfélagar geta frestað töku ellilífeyris til 70 ára aldurs.

Örorkulífeyrir miðast við áunnin ellilífeyri þannig að ef sjóðfélagi verður algerlega óvinnufær þá fær hann lífeyri strax og kallast hann örorkulífeyrir til 67 ára aldurs en ellilífeyrir eftir það. Örorkutapið skal þó vera að minnsta kosti 50% og er fjárhæð örorkulífeyrisins hundraðshluti örorkunnar af ellilífeyrisréttindunum. Ef sjóðfélaginn er virkur sjóðfélagi þegar hann verður óvinnufær þá eru réttindi hans endurreiknuð þannig að gert er ráð fyrir að hann hafi greitt iðgjald sem er meðaliðgjald síðustu þriggja ára í þann árafjölda sem vantar á 67 ára aldur hans. Ef árin, sem sjóðfélaginn hefur raunverulega greitt iðgjald til sjóðsins, að viðbættum árunum sem vantar á 67 ára aldur eru fleiri en 30 þá skal einungis reikna sjóðfélaganum réttindi 30 bestu áranna að fullu en hinna að hálfu.

Makalífeyrir til eftirlifandi maka sjóðfélaga er helmingur af örorkulífeyri og er hann alltaf greiddur óskertur í þrjú ár og að hálfu í tvö ár til viðbótar. Óskertur makalífeyrir er þó alltaf greiddur meðan yngsta barn sjóðfélaga og eftirlifandi maka er yngra en 19 ára.

Tafla á næsta blaði sýnir hvernig lífeyrisréttindi ávinnast ár fyrir ár miðað við fastar 10.000 króna iðgjaldagreiðslur á mánuði frá 25 til 67 ára aldurs. Nú getur starfsaldur verið annar og iðgjald annað og eru hér sýnd nokkur dæmi um ellilífeyrisréttindi fyrir mismunandi starfsaldur, ellilífeyrisaldur og meðaliðgjald.

Starfsaldur	Ellilífeyrisaldur	Meðaliðgjald	Ellilífeyrir
25 - 67	67	10.000	58.800
25 - 67	67	15.000	88.200
25 - 67	70	10.000	75.734
30 - 67	67	10.000	51.800
30 - 67	67	15.000	77.700
30 - 67	70	10.000	66.718
30 - 70	70	10.000	70.918

Eins og fram hefur komið hér þá eru þetta lágmarksréttindi og ekki er ólíklegt að flestir sjóðir geti veitt betri réttindi en þessi og hafa nokkrir sjóðir þegar sett inn í reglugerðir sínar ákvæði sem tryggja 5,7% hærrí réttindi en hér eru sýnd.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig lífeyrisréttindi safnast upp miðað við iðgjaldagreiðslur frá 25 ára aldri til 67 ára aldurs. Hér er reiknað með 10.000 krónum á mánuði í iðgjald og föstu verðlagi. Ef iðgjald er annað þá breytast réttindin hlutfallslega. Makaréttur og örorkuréttur er reiknaður með framreikningi en ef sjóðfélaginn er ekki lengur virkur í þessum tiltekna sjóði þá á hann geymd réttindi þar sem óskertur örorkulífeyrir er jafn áunnum ellilífeyri og makalífeyrir hálfum áunnum ellilífeyri.

Aldur	Elliréttur	SAMTALS		
		Elliréttur	Örorkuréttur	Makaréttur
25	1.400	0	0	0
26	1.400	1.400	16.800	8.400
27	1.400	2.800	33.600	16.800
28	1.400	4.200	50.400	25.200
29	1.400	5.600	50.400	25.200
30	1.400	7.000	50.400	25.200
31	1.400	8.400	50.400	25.200
32	1.400	9.800	50.400	25.200
33	1.400	11.200	50.400	25.200
34	1.400	12.600	50.400	25.200
35	1.400	14.000	50.400	25.200
36	1.400	15.400	50.400	25.200
37	1.400	16.800	50.400	25.200
38	1.400	18.200	50.400	25.200
39	1.400	19.600	50.400	25.200
40	1.400	21.000	50.400	25.200
41	1.400	22.400	50.400	25.200
42	1.400	23.800	50.400	25.200
43	1.400	25.200	50.400	25.200
44	1.400	26.600	50.400	25.200
45	1.400	28.000	50.400	25.200
46	1.400	29.400	50.400	25.200
47	1.400	30.800	50.400	25.200
48	1.400	32.200	50.400	25.200
49	1.400	33.600	50.400	25.200
50	1.400	35.000	50.400	25.200
51	1.400	36.400	50.400	25.200
52	1.400	37.800	50.400	25.200
53	1.400	39.200	50.400	25.200
54	1.400	40.600	50.400	25.200
55	1.400	42.000	50.400	25.200
56	1.400	43.400	50.400	25.200
57	1.400	44.800	50.400	25.200
58	1.400	46.200	50.400	25.200
59	1.400	47.600	50.400	25.200
60	1.400	49.000	50.400	25.200
61	1.400	50.400	50.400	25.200
62	1.400	51.800	51.800	25.900
63	1.400	53.200	53.200	26.600
64	1.400	54.600	54.600	27.300
65	1.400	56.000	56.000	28.000
66	1.400	57.400	57.400	28.700
67		58.800	0	29.400

## 6.04 Tekjumörk



Hér eru tekjumörk / skerðingarmörk ýmissa bótaflokka.

**X:** sú upphæð þar sem bætur byrja að skerðast eða upphæð bóta.

**Y:** sú upphæð þar sem bætur falla niður.

### 6.04.01 Skerðing ellilífeyris (sbr. kafla 1.01)

Fyrir einstakling

X = 69.684 kr. á mán.

Y = 115.151 kr. á mán.

Fyrir annað hjóna

X = 69.684 kr. á mán.

Y = 110.604 kr. á mán.

30% af þeim tekjum sem umfram eru skerða ellilífeyrinn. Hann byrjar því að skerðast þegar árstekjur einstaklings eða hjóna hvors um sig eru hærri en **836.205 kr.** og fellur alveg niður við **1.381.807 kr.** á ári fyrir einstakling og **1.327.247 kr.** á ári fyrir annað hjóna. Hvorki tekjur maka né lífeyrissjóðstekjur hafa áhrif til skerðinga á grunnlífeyri.

### 6.04.02 Skerðing sjómannalífeyris (sbr. kafla 1.01.02)

Sömu reglur gilda um ellilífeyri og sjómannalífeyri.

### 6.04.03 Skerðing örorkulífeyris (sbr. kafla 1.01.02)

Fyrir einstakling

X = 71.121 kr.

Y = 125.681 kr.

Fyrir annað hjóna

X = 71.121

Y = 120.225

25% af þeim tekjum sem umfram eru skerða örorkulífeyrinn. Hann byrjar því að skerðast þegar tekjur einstaklings eða hjóna hvors um sig eru hærri en **853.453 kr.** á ári og fellur alveg niður við **1.508.172 kr.** á ári fyrir einstakling og **1.442.700 kr.** fyrir annað hjóna. Hvorki tekjur maka né lífeyrissjóðstekjur hafa áhrif til skerðinga á grunnlífeyri.

### 6.04.04 Skerðing örorkustyrks (sbr. kafla 1.03)

X = 71.121 kr. á mán.

Y = 125.681 kr. á mán.

Ef árstekjur fara ekki yfir **853.453 kr.** nemur styrkurinn 75% af lífeyri.

Ef mánaðartekjur eru frá **71.121 kr.** til **125.681 kr.** nemur styrkurinn 75% þeirrar upphæðar lífeyris sem skerast hefur, samkvæmt sömu reglum og örorkulífeyrir er skertur.

### 6.04.05 Skerðing endurhæfingarlífeyris (sbr. kafla 1.05)

X = 71.121 kr. á mán.

Y = 125.681 kr. á mán.

Sömu reglur gilda um skerðingu endurhæfingarlífeyris og örorkulífeyris.

### 6.04.06 Skerðing ekkjulífeyris vegna tekna (sbr. kafla 1.15)

X = 71.121 kr.

Y = 125.681 kr.

Bæði almennar tekjur og lífeyrissjóðstekjur skerða ekkjúlífeyri. Að öðru leyti gilda sömu reglur um skerðingu ekkjúlífeyris vegna tekna og um skerðingu örorkulífeyris.

#### 6.04.07 Skerðing tekjutryggingar (sbr. kafla 1.06)

Hafi viðkomandi skattskyldar tekjur aðrar en tryggingabætur yfir frítekjumarkinu, skerðist tekjutrygging um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Frítekjumörkin eru tvö gagnvart tekjutryggingu:

**Frítekjumark gagnvart almennum tekjum, öðrum en lífeyrissjóðstekjum**  
(allar upphæðir miðast við tekjur á mánuði)

##### Tekjutrygging ellilífeyrisþega

	Einstaklingur	Annað hjóna
Skерðing hefst við:	18.418 kr.	12.892 kr.
Greiðslur falla niður við:	73.189 kr.	68.664 kr.

##### Tekjutrygging örorkulífeyrisþega

	Einstaklingur	Annað hjóna
Skерðing hefst við:	18.418 kr.	12.892 kr.
Greiðslur falla niður við:	75.751 kr.	70.226 kr.

**Frítekjumark gagnvart lífeyrissjóðstekjum**  
(allar upphæðir miðast við tekjur á mánuði)

##### Tekjutrygging ellilífeyrisþega

	Einstaklingur	Annað hjóna
Skерðing hefst við:	26.755 kr.	18.729 kr.
Greiðslur falla niður við:	82.526 kr.	74.500 kr.

##### Tekjutrygging örorkulífeyrisþega

	Einstaklingur	Annað hjóna
Skерðing hefst við:	26.755 kr.	18.729 kr.
Greiðslur falla niður við:	84.089 kr.	76.062 kr.

#### 6.04.08 Skerðing heimilisuppbótar (sbr. kafla 1.07)

Heimilisuppbót skerðist á sama hátt og tekjutrygging og um sama hlutfall, hún byrjar að skerðast um leið og fellur niður um leið og tekjutrygging.

#### 6.04.09 Skerðing sérstakrar heimilisuppbótar (sbr. kafla 1.08)

x = 1 kr.  
y = 5.869 kr.

Sérstök heimilisuppbót skerðist krónu á móti krónu, þ.e. ef einstaklingur hefur einhverjar tekjur, aðrar en bætur almannatrygginga, þ.m.t lífeyrissjóðstekjur, þá skerðist hún þannig að við 5.869 kr. í tekjur á mánuði fellur réttur hans til sérstakrar heimilisuppbótar niður.

#### 6.04.10 Skerðing vasapeninga (sbr. kafla 1.10)

x = 3.051 kr. á mán.  
y = 19.776 kr. á mán.

Vasapeningar eru 10.871 kr. á mánuði Tekjur að 3.051 kr. á mánuði (3.051 x 12 = 36.612 á



ári) skerða ekki vasapeninga. Tekjur umfram 3.051 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru og falla niður við 19.776 kr. á mán.

(janúar 1997)



## Minnisblað

Eftirfarandi tafla sýnir samtryggingarlífeyrissjóði sem taka við iðgjöldum árið 1997 og voru með færri en 800 sjóðfélaga í ársbyrjun 1996. (Niðurstaðan er byggð á könnun bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald í febrúar 1996.)

Nafn	Fjöldi
Eftirl.sj. Félags ísl. atv.flugm.	226
Lífeyrissjóður KEA	761
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	309
Lífeyrissj. Flugvirkjaf. Íslands	176
Lífeyrissj. Bolungarvíkur	661
Lífeyrissj. Rangæinga	683
Eftirl.sj. slökkvil.m. á Keflav.flugv.	129
Lífeyrissj. blaðamanna	257
Lífeyrissj. Mjólkursamsölnnar	350
Lífeyrissj. verkafólks í Grindavík	559
Lífeyrissj. Arkitektafél. Íslands	64

Tveir samtryggingarsjóðir voru nálægt þessum sjóðum (með færri en 1.000 virka sjóðfélaga), þ.e. Lífeyrissjóður verkstjóra (891) og Lífeyrissjóður lækna (915).